A TEREX BRAND

Viðbót við stjórnandahandbók

Lift Tools™ Access Deck for Slab Scissors

ANSI/CSA
- North America
- South America
- Asia

AUS
- Australia

CE
UK CA

Þýðing á upprunalegum leiðbeiningum
Second Edition
First Printing
Part No. 1328644ISGT

Inngangur

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við okkur.

Hafðu samband við okkur:

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Samþykktar gerðir

The Lift Tools™ Access Deck for Slab Scissors er eingöngu hægt að nota á eftirfarandi gerðum Genie Scissor Mobile Elevating Work Platform.

Gerð	Raðnúmer
GS™-1932 (D)	frá GS32D-25101
GS™-2632	frá GS32D-25101
GS™-3232	frá GS32D-25101

Ath.: GS™-1932 er sett saman á tveimur framleiðslustöðum, (P) og (D). Skoðaðu raðnúmer vélarinnar til að finna kóða D-framleiðslustaðarins fyrir samþykkta gerð.

⚠ AÐVÖRUN Ekki setja Access Deck kerfið upp á neinum Genie-vörum öðrum en tilgreindum gerðum.

Höfundarréttur © 2019 Terex Corporation

Önnur útgáfa: Fyrsta prentun, Nóvember 2024

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa. „GS“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

Þessi aukabúnaður samræmist
ANSI/SAIA A92.20
CAN/CSA B.354.6

AUS 1418.10

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

UKCA (Öryggis)reglur um veitingu á vélbúnaði 2008

Inngangur

Leiðbeiningar fyrir sjálfknúnar Genie-skæralyftuvörur og Lift Tools™ Access Deck

Vinnupallar með skæralyftu eru aðeins ætlaðir til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu. Þegar aðgangur með palli er takmarkaður og starfsfólk þarf að komast að vinnusvæði sem er yfir vinnuhæð gefur Access Deck meiri upphækkun sem er yfir gólfi aðalpallsins og það gerir notanda kleift að hækka vinnuhæðina enn frekar.

Í þessu skjali eru leiðbeiningar um notkun Access Deck á sjálfknúnum Genie-skæralyftuvörum.

Skilgreiningar

Hæfur aðili

„Hæfur aðili“ sem hefur, með því að hafa öðlast viðurkennda gráðu, vottorð eða stöðu innan starfsgreinarinnar, eða með yfirgripsmikilli þekkingu, þjálfun og reynslu, sýnt fram á getu sína til að leysa vandamál sem tengjast viðfangsefninu, vinnunni eða verkefninu.

Fallvarnarkerfi

Fallvarnarkerfi koma í veg fyrir að starfsmaður geti fallið. Ef starfsmaðurinn nýtur verndar fallvarnarkerfis geta annaðhvort líkamsbelti eða öryggisólar verið notaðar. Þegar fallvarnarkerfi er notað til fallvarna á vinnupalli á skæralyftu verður vinnuveitandinn/notandinn/stjórnandinn að tryggja að dragreipinu og festingunni sé komið þannig fyrir að stjórnandinn geti ekki fallið neina vegalengd út fyrir pallinn.

Fallstöðvunarkerfi

Kerfi sem leyfir stöðvað fall er kallað fallstöðvunarkerfi. Líkamsbelti eru ekki leyfð í fallstöðvunarkerfum, þess í stað skal nota öryggisólar fyrir allan líkamann og dragreipi sem takmarka fallvegalengdina og höggið sem kemur á einstaklinginn. Fallstöðvunardragreipi eru yfirleitt með höggdeyfingarhluta eða eru öryggislínur/dragreipi sem dragast sjálfkrafa inn.

Öryggislína/dragreipi sem dregst sjálfkrafa inn

Hraðalækkunarbúnaður sem inniheldur línu, sem snýst utan um kefli, sem getur dregist hægt út úr eða inn í keflið undir takmarkaðri spennu við eðlilegar hreyfingar starfsmannsins, og sem læsir sjálfkrafa keflinu og stöðvar fall eftir að það hefst. Notkun öryggislínu/dragreipis sem dregst sjálfkrafa inn sem fallstöðvunardragreipi er leyfð á vinnupöllum ofan á skæralyftum. Ef öryggislína/dragreipi sem dregst sjálfkrafa inn er notað þegar pallurinn er yfirgefinn skal það ekki leyfa lengra fall en 6 fet/1,8 m, á sumum svæðum gæti þetta verið 6,6 fet/2 m.

Inngangur

Nota má sjálfknúnar Genie-skæralyftur til hífingar samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum:

1 Eigandi/vinnuveitandi/notandi/stjórnandi skæralyftunnar ber ábyrgð á því að fallvarnir séu til staðar fyrir stjórnanda skæralyftunnar.

2 „Hæfur aðili“ sem hefur þekkingu á reglum um fallvarnir og fallvarnakerfi verður að hanna vinnusvæðið og Access Deck kerfið til að tryggja öryggi starfsfólks.

3 Fylgja skal öllum staðbundnum og opinberum reglum.

4 Notandinn skal nota fallstöðvunarkerfi þegar hann notar Access Deck sem getur takmarkað hámarksstöðvunarkraft við 1.349 pund/6 kN, á sumum svæðum gæti hámarkið verið 1.798 pund/8 kN.

5 Fallstöðvunarkerfið má ekki leyfa mögulegt frjálst fall sem er lengra en 6 fet/1,8 m, á sumum svæðum gæti þetta verið 6,6 fet/2 m.

6 Aðeins einn einstaklingur má vera á Access Deck hverju sinni meðan hann er festur við samþykktan festipunkt fyrir dragreipi.

7 Genie-skæralyftur hafa verið stöðugleikaprófaðar á jafnsléttu fyrir uppgefna burðargetu pallsins. Hámarksburðargeta framlengingarborðsins er áfram 250 pund/113 kg fyrir allar gerðir skæralyftna.

Ath.: Þyngd samsetningar Access Deck skal dregin frá burðargetu pallsins sem það hvílir á.

GS™-1932 (D), GS™-2632, GS™-3232	32 pund/15 kg

8 Tenging og notkun á Access Deck verður að vera samþykkt og leyfð af eiganda búnaðarins.

9 Eigandi búnaðarins og/eða verktakinn ber ábyrgð á því að gera hættugreiningu á notkun Access Deck, og tryggja að búnaðurinn uppfylli viðeigandi kröfur um heilsuvernd og öryggi á vinnustaðnum, sem og öll almenn og sértæk lög, reglugerðir og staðla varðandi notkun á búnaðinum.

10 Genie-skæralyftan verður að standa á traustri jafnsléttu svo að nota megi Access Deck.

⚠ AÐVÖRUN Ef ekki er farið eftir takmörkunum, leiðbeiningum og viðvörunum í þessum hluta, stjórnandahandbókinni og viðeigandi öryggis- eða eigendahandbókum getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

Inngangur

Notkunarlýsing

Þegar stjórnandi/stafsmaður þarf að komast að vinnusvæði sem er yfir vinnuhæð gefur Access Deck meiri upphækkun sem er yfir gólfi aðalpallsins.

Kröfur til eiganda/vinnuveitanda/notanda/stjórnanda:

1 Afrit af þessari viðbót verður ávallt að fylgja stjórnandahandbókinni í veðurþolna geymsluhólfinu sem er staðsett í búnaðinum.

2 Stjórnendur verða að hljóta þjálfun í öruggri notkun á búnaðinum, og kynna sér sérstakar gerðir af Genie-búnaði eins og hér segir:

- Kynna sér og fara eftir notkunar- og öryggishandbókum búnaðarins, límmiðum og viðvörunum.
- Skilja allar stjórntækjaaðgerðir.
- Vera meðvitaðir um og skilja allan öryggisbúnað fyrir þann búnað sem er notaður.
- Fá leiðbeiningar um hvernig eigi að forðast hættur.

3 Fylgja öllum viðeigandi sértækum og almennum reglum, reglugerðum og stöðlum varðandi notkun á búnaðinum.

4 Búnaðurinn verður að vera í fullkomnu lagi og rétt stilltur.

Með tilliti til leiðbeininga Genie í þessu skjali samþykkir eigandi búnaðarins, vinnuveitandinn, notandinn og stjórnandinn hér með að bæta og halda Terex USA, Terex Global GmbH og móðurfyrirtæki þess og tengdum fyrirtækjum skaðlausum gegn sérhverri ábyrgð, kröfum, málsóknum, kostnaði og lögfræðikostnaði sem er af völdum, rís vegna eða er afleiðing vanrækslu eða yfirsjónar í notkun búnaðarins; ef ekki er farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari handbók varðandi notkun á skæralyftu með Access Deck, öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum í stjórnandahandbókinni. **Með því að halda áfram að nota skæralyftu með Access Deck samþykkir þú að fylgja þeim kröfum sem hér eru settar fram, þar á meðal varðandi áðurnefnt skaðleysi. Ef þú samþykkir ekki skaltu ekki halda áfram með fyrirhugaða notkun.**

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Athugið:

Lift Tools™ Access Deck samræmist kröfum ANSI, CSA, AUS, CE og UKCA markaða. Notkun er bönnuð á öllum öðrum mörkuðum.

Lift Tools™ Access Deck fyrir skæralyftur er eingöngu hægt að nota á samþykktum gerðum Genie Scissor Mobile Elevating Work Platform. Notkun á öllum öðrum pöllum er bönnuð.

Sjá lista með samþykktum gerðum.

Inngangur

⚠ Öryggi Lift Tools™ Access Deck fyrir skæralyftur

Lesið, skiljið og fylgið öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja Access Deck.

Farið ekki umfram burðargetu pallsins. Þyngd samsetningar Access Deck mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að draga hana frá heildarálagi á pall.

GS™-1932 (D) GS™-2632 GS™-3232	32 pund/15 kg

Gangið úr skugga um að Access Deck sé kirfilega uppsett. Aðeins má nota handfangið sem leggst niður til að ná stöðugleika.

Þegar Access Deck er tengt við, skal líta á handbók þessa sem fastan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni.

Flytja má Access Deck á miðjuhandriðinu þegar allar læsingar eru lokaðar og tryggilega festar við pallinn.

Ekki setja Access Deck kerfið upp á neinum Genie-vörum öðrum en tilgreindum gerðum.

Aðeins er hægt að setja Access Deck upp á miðhandriði pallsins. Ekki er hægt að setja Access Deck upp á efsta handriðinu.

⚠VARÚÐ Ekki má nota Access Deck þegar klaki, fita eða rusl er á yfirborði miðjuhandriðsins.

⚠AÐVÖRUN Ef ekki er notaður réttur festikappi fyrir Access Deck getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

⚠HÆTTA Ekki má nota skæralyftuna eftir að stjórnandinn/samstarfsmaðurinn hefur fest og stendur á Access Deck.

Inngangur

Merkingar tákna og hættumerkja



Access Deck vegur:

GS™-1932 (D)
GS™-2632
GS™-3232
32 pund/15 kg



Lestu viðbótina, hlutanúmer 1328644



Hætta á veltu



Hámarksburðargeta, Access Deck

GS™-1932 (D)
GS™-2632
GS™-3232
218 pund/98 kg



Tengistaður fyrir dragreipið



Fallvörn

Inngangur

Skoðun fyrir notkun

- ☐ Vertu viss um að notandahandbók, stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur og allar nauðsynlegar viðbætur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ☐ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir.

Kannaðu hvort Access Deck sé skemmt eða slitið, rangt sett í eða hvort íhluti vantar eða óheimilar breytingar hafi verið gerðar.


- ☐ Rær, boltar og aðrar festingar
- ☐ Sprungur í suðu eða íhlutum samsetningar
- ☐ Dældir eða skemmdir á Access Deck.
- ☐ Yfirfarðu festipunkta pallsins. Festipunktar skulu vera óskemmdir og lausir við rusl, klaka, olíuborið og sleipt yfirborð.

Inngangur

Skoðun límmiða

Skoðaðu til að tryggja að allir límmiðar séu læsilegir og til staðar. Límmiðar geta verið mismunandi eftir uppstillingu vélarinnar.

GS-1932 (D), GS-2632, GS-3232 Access Deck, ANSI/CSA



Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
1326036	Límmiði, hámarksburðargeta, orð, Access Deck*	1
1326036FR	Límmiði, hámarksburðargeta, orð, Access Deck*	1
1326261	Límmiði, hámarksburðargeta, tákn, Access Deck*	1
1293654	Límmiði, uppsetning krækju á Access Deck	1


* Þessir límmiðar eiga við um ákveðnar gerðir, valkosti eða stillingar.

Inngangur

Skoðun límmiða

Skoðaðu til að tryggja að allir límmiðar séu læsilegir og til staðar. Límmiðar geta verið mismunandi eftir uppstillingu vélarinnar.

GS-1932 (D), GS-2632, GS-3232 Access Deck, CE/UKCA




Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
1326261	Límmiði, hámarksburðargeta, tákn, Access Deck	1
1293654	Límmiði, uppsetning krækju á Access Deck	1

Inngangur

Skoðun límmiða

Skoðaðu til að tryggja að allir límmiðar séu læsilegir og til staðar. Límmiðar geta verið mismunandi eftir uppstillingu vélarinnar.

GS-1932 (D), GS-2632, GS-3232 Access Deck, AUS



Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
1326036	Límmiði, hámarksburðargeta, orð, Access Deck	1
1293654	Límmiði, uppsetning krækju á Access Deck	1

Inngangur

Árleg skoðun

Kannaðu hvort einhverja íhluti vantar eða séu lausir.

Gakktu úr skugga um að allar festingar séu tryggilega hertar.

Kannaðu hvort íhlutir eru skemmdir eða slitnir. Kannaðu merki um sprungur, beyglur og tæringu.

Kannaðu alla snúningsstaði og krækjur; það á að vera hægt að hreyfa þau öll með handafli.

Þegar Access Deck hefur verið uppsett á eininguna skal tryggja að það passi þétt. Ef hægt er að færa Access Deck >1/4“ eftir rétta uppsetningu skal skipta um alla gúmmístuðara.

Skoðun eftir fall

Ath.: Komi til þess að notandi detti, verður tafarlaust að taka Access Deck og Genie-skæralyftuna úr notkun og láta „hæfan aðila“ yfirfara hvort tveggja. Ef Access Deck og Genie-skæralyftan standast neðangreindar skoðanir má taka Access Deck og Genie-skæralyftuna aftur í notkun.

Yfirfarðu alla íhluti samsetningar Access Deck og Genie-skæralyftunnar. Skiptu um alla dældaða eða skemmda íhluti. Skiptu um alla íhluti sem hafa sprungur á suðum. Skiptu um allar festingar fyrir Access Deck.

Framkvæmdu árlega skoðun á Access Deck.

Framkvæmdu skoðun fyrir notkun á bæði Access Deck og Genie-skæralyftunni.

Leiðbeiningar um uppsetningu



Athugaðu og fylgdu:

☑ Þetta verkferli skal framkvæmt af einstaklingi sem hefur heimild til að setja upp Access Deck.

☑ Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

☑ Gerðu við allar skemmdir eða bilanir áður en vélin er notuð.

Áður en uppsetning er hafin

☑ Lesið, skiljið og fylgið öryggisreglunum og notkunarleiðbeiningunum í viðeigandi Genie-stjórnandahandbókum og viðbótum.

☑ Gangið úr skugga um að öll nauðsynleg verkfæri og varahlutir séu tiltækir og tilbúnir til notkunar.

☑ Lesið þetta verkferli vandlega og fylgið leiðbeiningunum.

Ath.: Sjá uppsetningarleiðbeiningar á myndasíðunni.

Innihald setts 1324278GT fyrir GS-1932 (D), GS-2632, GS-3232

Lýsing	Raðnúmer Genie	Magn:
(1) Handbók, viðbót	1328644GT	1
(2) Límmiði, hámarksburðargeta, orð	1326036GT	1
(3) Límmiði, hámarksburðargeta, tákn	1326261GT	1
(4) Límmiði, skreyting, Access Deck	1293648GT	1
(5) Límmiði, hámarksburðargeta, orð, FR	1326036GT	1
(6) Límmiði, uppsetning krækju	1293654GT	1
(7) Access Deck samsetning	1332775GT	1

Leiðbeiningar um uppsetningu

Uppsetning borðs

⚠ AÐVÖRUN Ekki setja Access Deck kerfið upp á neinum Genie-vörum öðrum en tilgreindum gerðum.

⚠ AÐVÖRUN Aðeins er hægt að setja Access Deck upp á miðhandriði pallsins

1 Færðu stjórntæki pallsins aftast á pallinn svo þau séu ekki fyrir.

2 Þegar þú stendur á framlengingarborðinu rennirðu opinu vinstra megin á Access Deck yfir miðhandriðið vinstra megin á pallinum.

3 Ýttu Access Deck alla leið að enda framlengingarborðsins, upp að handbókargeymslunni. Ýttu hægri hlið Access Deck niður. Ef krækjan festist ekki sjálfkrafa skaltu teygja þig í krækjuna og opna hana svo Access Deck geti fallið alla leið niður á sinn stað.

   Ath.: Það heyrist smellur í krækjunni þegar hún er komin á sinn stað.

4 Felldu þrepið niður í vinnustöðu.

5 Dragðu neðri pinnana út. Dragðu handriðin að þér með því að nota griphandfangið. Dragðu svo vírláspinnann út. Snúðu efsta handfanginu út.

6 Haltu griphandfanginu og efsta handfanginu saman. Snúðu svo handriðunum upp og láttu þau falla niður á sinn stað. Handriðskrókarnir ættu að vera fastir á efsta handriði framlengingarborðsins. Settu efri og neðri pinna aftur í.

   Ath.: Gakktu úr skugga um að efsta handriðið snúist ekki niður áður en efri pinnarnir eru settir aftur í.

7 Settu stjórntæki pallsins aftur á þann stað sem þú óskar. Nú er einingin tilbúin til notkunar. Handfang handriðs og þrep er hægt að fella aftur í geymslustöðu eftir þörfum.


   Athugið: Hvorki má aka né lyfta einingunni meðan staðið er á Access Deck.

   Athugið: Ávallt skal klæðast öryggisólum og festa sig við akkerið á pallinum áður en stigið er á Access Deck.

⚠ HÆTTA Ekki má nota skæralyftuna eftir að stjórnandinn hefur fest sig og stendur á Access Deck.

Leiðbeiningar um uppsetningu

GS-1932 (D), GS-2632, GS-3232




Hlutur	Hlutanr.	Lýsing hlutar	Magn:
1	1331396GT	Vírláspinni 3/8 x 1,75	2
2	1293655T	Fljótvirkur sleppipinni 3/8 x 1-7/8	2
3	66544GT	Krækjuhandfang	1
4	1291518GT	Þrep	1
5	1332775GT	Lift Tools Access Deck	1
6	1291802GT	Griphandfang	1
7	1291520GT	Handriðshandfang, efst	1

Notkunarleiðbeiningar

Notkun Lift Tools™ Access Deck fyrir skæralyftur

1 Gakktu úr skugga um að leiðbeiningum um uppsetningu Access Deck hafi verið fylgt og að Access Deck og handfangið séu fest með læsingarteinum við handrið pallsins.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu Þyngd Access Deck mun minnka burðargetu palls vélarinnar og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall.



Starfsmenn á palli verða að vera með öryggisbelti eða -ólar og fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.



Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins og á fótbretti Access Deck. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins eða Access Deck.

2 Snúðu Access Deck þrepinu niður.

3 Festu handfangið í efri stöðu með báðum pinnum.

Dreift af:

www.genielift.com